

95
13. júlí

Samþykkt

um afréttargirðing fyrir Hrunamannahrepp og Auðsholt í Biskupstungnahreppi.

Hreppsnefndin í Hrunamannahreppi í Árnessýslu hefir samkvæmt lögum 30. júlí 1909, um girðingar, gjört eftirfylgjandi

s a m þ y k k t

um afréttargirðing fyrir Hrunamannahrepp og Auðsholt.

1. gr.

Með samþykkt þessari er ákveðið, að setja girðingu þvert yfir land Hrunamannahrepps fyrir ofan byggð milli Hvítár og Stóru-Laxár.

2. gr.

Girðingin skal vera 5-þætt gaddavirsgirðing, og að öllu leyti eins og fyrir er mælt í reglugjörð um girðingar 29. marz 1910 (Stjtið. 1910, B-deild, 71. bls.).

3. gr.

Hreppsnefnd Hrunamannahrepps sér um að koma girðingunni á, annast um lántöku í því skyni o. s. frv. Hreppsnefndin hefir og árlegt eftirlit með girðingunni eða útvegar menn til þess. Skal það vandlega aðgætt á hverju vori jafnskjótt og snjóá leysir, hvort skemdir hafi á orðið girðingunni. Allar skemdir skal bæta svo fljótt sem auðið er.

4. gr.

Um leið og fjallskilakostnaði er jafnað niður, skal hreppsnefndin á hverju ári leggja afréttargjald á alla búendur á samþyktarsvæðinu svo sem nægir til þess að standast allan kostnað, er af girðingu þessari leiðir og viðhaldi hennar. Gjaldið skal lagt á eftir tölu sauðfjár og ótaminna hrossa, sem hver búandi hefir á fóðri þá er fjárskoðun fer fram næst áður. Á hvert hross skal leggja jafnmikið og á 5 sauðkindur. Auglýsa skal gjald þetta á sama hátt og fjallskil.

5. gr.

Undanþeginn afréttargjaldi því, sem nefnt er í 4. gr., að $\frac{2}{3}$ — tveim þriðju — hlutum, skal hver sá búandi, sem girðir land sitt svo, að fulltrygt sé eftir álitum hreppsnefndar, að fé hans komist ekki til afréttar.

6. gr.

95

Nú fóðrar búandi sauðfé eða hross, sem aðrir eiga, og skal hann greiða 13. júlí afréttargjald af því samkvæmt 4. gr. svo sem væri það hans eign, en tilkall á hann til endurgjalds frá eiganda fóðrapeningsins.

7. gr.

Gjalddagi afréttargjalds, sem lagt er á eftir samþykkt þessari, er 31. okt. ár hvert.

8. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir allan Hrunamannahrepp og Auðsholt í Biskupstungnahreppi.

Samþykkt þessi er hérmeð staðfest til að öðlast þegar gildi og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 13. júlí 1911.

Í fjarveru ráðherra.

Kl. Jónsson.

Jón Hermannsson.

Reikningur

96

fyrir árið 1910 yfir tekjur og gjöld Hins sameiginlega brunabótasjóðs fyrir sveitahíbýli.

Tekjur :

1. Stofnfé úr landssjóði	kr. 10000.00
2. Endurtryggingariðgjöld frá brunabótasjóðum sveitarfélaga	— 3148.28
	Flyt kr. 13148.28